



EKKÓ

Félagsmiðstöðin Ekkó

KÁRSNESSKÓLI

Starfsáætlun | 2024-2025 | Höfundur: Jóhanna Aradóttir

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08.2026

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Ekkó eru:	3
Félagsmiðstöðvardagatal	3
Starfið í vetur	4
Viðburðir í vetur	5
Hópastarf	5
Sértækt hópastarf	5
Félkó – miðstöðin	5
Hinsegin – Félkó	5
Félkó - Velkomin	5
Sumaropnanir Ekkó	6
Barna- og unglingaráð	6
Foreldrasamstarf	6
Verkefni tengd menntastefnu	7
Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva	7
Ytra mat	7
Innra mat	8
Umbótaáætlun	8
Símenntunaráætlun	9
.....	9
Fjöldatölur	10
Starfsfólk	10

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Ekkó er fyrir nemendur í Kársnesskóla frá 5. – 10. Bekk með aðaláherslu á starf fyrir 8. – 10. Bekk. Ekkó er staðsett í Kársnesskóla við Kópavogsbraut 57, símanúmer Ekkó er 441-4630 og símanúmer forstöðumanns er 696-1620. Forstöðumaður Ekkó er Jóhanna Aradóttir. Netfang forstöðumanns er: johanna.aradottir@kopavogur.is

Nemendafjöldi á unglingastig 8. – 10. Bekk eru í vetur 202 nemendur og á miðstigi 5. – 7. Bekk eru 210 nemendur. Heildarfjöldi einstaklinga sem Ekkó þjónustar í vetur eru 412 nemendur, en skólinn hefur verið að stækka mikið síðustu ár, þó að árganga séu misstórir.

Opnunartímar Ekkó eru:

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl: 20:00-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Opnunartímar á daginn er í samráði og samstarfi við skólann.

Félagsmiðstöðvargatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Félagsmiðstöðvargatal 2024 - 2025

Nafn skola:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 L	7 M	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 M	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 F	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 L
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 Þ	27 S	27 S
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 L	28 M	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 S	29 M	29 L	29 M	29 F	29 S	29 Þ
30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 F	31 S	31 M	31 F	31 M	31 F	31 M	31 L	31 M	31 F	31 M

Föstudagsopnanir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar.
Blár - Félkó viðburðir. Appelsínugulur - Samfés viðburðir. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjólublár - föstudagsopnanir. Ljósgrænn - frídagar í skólum. Rauður - fundir.

Starfið í vetur

Við í Ekkó viljum skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi sem að ungmennin okkar þrífast í. Við reynum eftir okkar bestu getu að hlusta á hópinn og finna út hvað þeim finnst spennandi og áhugavert.

Okkar markmið á starfsárinu:

- Taka vel á móti öllum okkar og veita öruggt umhverfi hjá okkur.
- Fylgjast vel með og styðja við ef einstaklingar og hópar eru farnir að sýna áhættuhegðun
- Halda áfram góðu upplýsingarflæði allra.
- Halda áfram að fylgjast vel með mætingarlistum.
 - Minna þau sem eru að mæta á að skrá sig alltaf á listann.
 - Kynna fyrir bæði hópnum okkar og foreldrum að mætingin hefur áhrif á þátttöku á viðburði þar sem eru fjöldatakmarkanir.
 - Skoða mætingarlistann til að greina hverjir eru að mæta og hverjir ekki og hvernig við getum mætt þessum hóp best.
- Að auka þátttöku í öðrum Samfés og Félkó viðburðum öðrum en böllum. Áherslan er á að kynna fyrir þeim sérstaklega viðburði eins og rímnaflæði, stíl, danskeppni og fleiri viðburði. Það er verður gert með því að leggja áherslu á að kynna þessa viðburði sérstaklega bæði fyrir öllum hópnum ásamt foreldrum og eins með því að skoða vel unglingahópinn okkar og fara sérstaklega í að kynna það fyrir einstaklingum sem við teljum að gætu haft áhuga.
- Prófa okkur áfram með aukið klúbbastarf með því að vera með sérstakar klúbbaopnir. Draumurinn er að sem flesta klúbba á sama tíma og að hugmyndirnar að klúbbunum komi með frá þeim sjálfum, en við erum samt með vituð um það að við getum þurft að vera með klúbba á öðrum tímum til að ná til hópsins sem við erum að reyna ná til.
- Virkja hópinn meira til að taka þátt í því sem við erum að gera og að fleiri en bara nemendaráðið verði sýnilegir þátttakendur í því sem við erum að gera. Fyrsta verkefnið er þegar á lokametrinum en það vera með hönnunarsamkeppni á Ekkó peysum þessa árs. Við fengum fullt af hugmyndum frá nokkrum einstaklingum og við erum að fara yfir hugmyndirnar til að geta kynnt úrslit.

Samstarf Ekkó við Kársnesskóla gengur mjög vel og samstarf við alla starfsmenn skólans mjög gott. Í samráði við skólastjórnendur erum við með opið á skólatíma, höldum reglulega samráðsfundi um stöðu unglingahópsins og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Samstarf við aðra starfsmenn skólans hefur líka verið mjög gott.

Miðstigsstarf: Opnir eru einu sinni í mánuði fyrir 5., 6., og 7.bekk í sitthvoru lagi. Þetta er gert til að mæta hópnum öllum því mæting á miðstigopnir hefur verið mjög góð og við viljum heldur ná betri tengingum við þau á hverri opnun heldur en að vera bara gæslu eins og þegar fjöldin er mikill.

Valáfanga: Nemendaráð Ekkó og Kársnesskóla hefur verið samstarfsverkefni milli Ekkó og Kársnesskóla, en það verkefni er leitt af Ekkó. Við erum í samráði bæði skólann, varðandi mögulega valáfanga til framtíðar.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum Ekkó: Vökukvöld 8.bekkar, Andvökunótt 10. Bekkar, Ekkó leikarnir, Sumarhátíð, Dodgeball mót, Kökukeppni.

Sameiginlegir FÉLKÓ viðburðir: Íþróttaleikar ÍTK, Forvarnarvika, Lan, Fótboltamót ÍTK Söngkeppni, Getkó, Skíðaferð, Félkóhátíð.

Viðburðir í samvinnu við skólann: Jólaball og árshátíð unglingadeildar eru á hverju ári haldið sameiginlega af Kársnesskóla og Ekkó. Það samstarf hefur fengið mjög vel.

Viðburðir í samvinnu við Samfés: Rafíþróttamót Samfés og Hönnunarkeppnin Stíll hafa verið unnin í samvinnu milli Samfés og félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Hópastarf

Sértækt hópastarf

Við vorum með bæði einstaklinga og hópa í starfi síðasta vetur og stefnum að því að vera með fleiri hópa bæði í styttri og lengri tíma. Við erum að fara af stað með söngklúbb, en við erum með flottan starfsmann sem hefur tekið það verkefni að sér að forma hann. Við erum einnig að fara aftur í gang með rafíþróttastarf hjá okkur í Ekkó og eflingu á félagstengslum þar. Ásamt því erum við alltaf að skoða og bregðast við með sérstæku hópastarfi fyrir aðra hópa.

Félkó – miðstöðin

Unglingar frá okkur hafa verið að nýta sér opnanirnar í Félkó – miðstöðinni. Við eigum ungmenntu sem sækja reglulega d&d starf, hinsegin starf og starf í Velkomin. En það er eitt af því sem við erum að kynna líka reglulega hjá ykkur og alltaf að benda okkar hóp á að geta sótt þetta starf í viðbót við okkar starf. Hópurinn sem sækir í opnanir í Félkó – miðstöðinni er sambland af krökkum sem sækja bara starfið í Félkó miðstöðinni og einnig krakkar sem koma líka til okkar í Ekkó. Við höfum sértaklega passað að halda góðu samstarfi við þau sem eru að mestu leiti bara að sækja starf í Félkó – miðstöðina í að passa koma öllum upplýsingum beint til þeirra.

Hinsegin – Félkó

Hinsegin félkó hefur verið ágætlega sótt af okkar unglingum, við erum samt alltaf að rekast á að það starf hefur farið framhjá hluta af hópnum, en farið var sérstaklega í kynningarherferð vegna þess núna áður en starfið hófst og við höfum strax fengið viðbrögð frá unglingum sem ætla að mæta í það starf.

Félkó - Velkomin

Velkomin er verkefni sem hefur verið vel sótt af okkar unglingum, þá sérstaklega á sumrin. Síðasta vetur byrjuðum við með hittinga og samráð við okkar ÍSAT hóp, það er verkefni sem við ætlum að halda áfram með og þróa og vera með reglulega hittinga fyrir hópinn okkar ásamt því að hvetja þau til að fara á sameiginlegu velkomin hittinga í Félkó - miðstöðinni.

Sumaropnanir Ekkó

Sumaropnanir Ekkó eru í raun tvískiptar. Annars vegar smiðjur fyrir miðstigið og hins vegar starfs fyrir unglingastigið á daginn og kvöldin. Miðstigssmiðjurnar gengu vel í sumar, en við vorum með svipað fyrirkomulag og síðasta sumar. Smiðjurnar voru mjög vel sóttar og þurfum við að skoða hvernig við getum mætt því þegar smiðjur verða fullar og fleiri vilja taka þátt í þeim heldur en pláss er fyrir og hvort að hægt væri að vera með tímasetningar þar sem hægt væri að setja inn aukasmíðjur ef margir sækja í þær smiðjur sem fyrir er. Starfið í sumar gekk mjög vel og þá sérstaklega starfið með unglingunum, þar sem lítið var um framkvæmdir í skólanum og fundum við mikinn mun á því hvað mikið fleiri sóttu starfið þegar ekki voru framkvæmdir og hægt að nýta meira rými í skólanum.

Barna- og unglingaráð

Nemendaráð: Í nemendaráði Ekkó og Kársnesskóla sitja í vetur samtals 12 nemendur (4 úr hverjum árgangi unglingastigs). Fundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku í klst í senn. En nemendaráðið skipuleggur með starfsmönnum dagskrá Ekkó og er einnig skipuleggja þau ákveðna viðburði í Ekkó, en verið er að auka virkni hjá nemendaráðinu í að skipuleggja og undirbúa viðburði með stuðningi og aðstoð starfsmanna Ekkó.

Miðstigsráð: Við í Ekkó höfum ekki verið með miðstigsráð. Komin eru drög að því að byrja á því að hitta bekkjarfulltrúa miðstigsins núna fyrir jól og stíga þannig fyrstu skref í stofnun miðstigsráðs eða alla vega að gefa þeim tækifæri á því hafa meiri skoðanir á því sem við erum að gera með þeim.

Ungmennaráð Samfés: Einn nemandi hlaut kjör í ungmennaráð Samfés síðasta vetur til tveggja ára og er því annar tveggja fulltrúa frá Kópavogi. Fundarhald er alfarið á vegum Samfés.

Félkóráð: Tveir fulltrúar úr nemendaráði Ekkó eru fulltrúar nemendaráði Ekkó í Félkó-ráðinu. Hver félagsmiðstöð skipar tvo fulltrúa í ráðið. Umsjónarmenn eru hluti af aðstoðarforstöðumönnum félagsmiðstöðvanna, en gert er ráð fyrir því að Félkó-ráðið verði með fasta fundartíma í vetur að jafnaði einu sinni í mánuði.

Ungmennaráð: Umsjón með Ungmennaráði Kópavogsbæjar hefur Áslaug Einarsdóttir verkefnastjóri. Fundir eru einu sinni í mánuði og er einn fulltrúi frá hverjum skóla/félagsmiðstöð sem fær að taka þátt.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra hefur verið að aukast frá því að það var nokkuð bara í eina átt í það að fleiri foreldrar eru í meira samtali við okkur. Síðasta vetur hittum við foreldrafélagið á fundi og var mjög gott að geta kynnt starfið fyrir þeim og hvað við vorum að gera. Eins hefur verið árangur á því að foreldrar á foreldrarölti hafa verið að kíkja við hjá okkur á opnunartímum hjá okkur. Eins sáum við mikið fleiri foreldra á opnu kvöldi á félagsmiðstöðvardaginn. Við leggjum mikið upp úr því að upplýsa foreldra um starfið okkar og höfum lagt okkur fram við að benda þeim líka á að fylgjast með instagramminu okkar til að sjá hvað er um að vera hjá okkur til að auka sýnileika okkar hjá foreldrum. Gaman hefur verið að sjá að foreldrar eru að nýja sér það í auknum mæli og að eiga við okkur spjall í gegnum instagram myndum sem við sýnum frá viðburðum.

Verkefni tengd menntastefnu

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundapjónustu.

Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva

- Allir verkferlar frístundadeildar
Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra mat

Við ytra mat á starfinu nýtum við kannanir sem eru gerðar á starfinu okkar. Við erum sérstaklega að skoða þær kannanir sem voru gerðar síðasta vetur, annars vegar könnun meðal unglinganna og hins vegar fyrir foreldra. Við þurfum að endurtaka könnunina hjá okkur fyrir unglinganna, þar sem vantaði upp á þátttöku hjá okkur til að fá skýrari upplýsingar hvað okkar ungmenni segja sérstaklega.

Í foreldrakönnun kom vel út og virtist vera almenn ánægja með starfið, en einnig rætt að unglingarnir ættu erfitt með að komast því að opnanir rekast á við æfingartíma. Ánægjulegasta kommentið var um að foreldrar sem sáu jákvæðar breytingar barninu sínu, hvað því líði betur, líka í skólanum, hvað hópurinn var sterkari saman og væri minna í tölvunni. Ósk um fjölbreyttari leiðir til að samskipta bæði við foreldra og unglinga og er það verkefni þegar komið af stað í umbótaáætluninni okkar. Sérstaklega var óskað eftir því að minnka vægi samfélagsmiðla í því samhengi.

Í þjónustukönnunni var áhugaverðasta að 90% unglinganna okkar líta á félagsmiðstöðina sem mikilvæga þjónustu. En við erum svo að fara í að endurtaka könnuna fyrir unglinganna til að fá skýrari línu á því hvað unglingarnir okkar eru að segja.

Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu eru okkur líka mikilvægar, því þau sýna okkur breytingar frá ári til árs hvernig hópurinn þróast bæði varðandi andlega stöðu hópsins og eins varðandi forvarnir. Með rannsókninni náum við að fylgjast vel með neyslu ungmenna á vímuefnum, andlegri líðan, líkamlega heilsu, þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og svefnheilsu.

Með þessu fáum við mikilvægar upplýsingar um hvers konar forvarnarstarf við vinnum hverju sinni því markmiðið er að sjálfsögðu að persónumiða fræðsluna eins og við getum.

Mælingar á starfinu er einnig nýr þáttur sem við sjáum að við getum nýtt okkur vel í starfinu og hlökkum við mikið til að sjá áframhaldandi þróun á þeim mælingum.

Innra mat

Við innra mat erum við dugleg að eiga samtöl saman starfsfólkið í félagsmiðstöðunni, við rýnum opnanir og viðburði og förum bæði yfir hvað gekk vel og hvað má betur eftir hverja opnun. Við erum líka í góðu samtali bæði við nemendaráð og eins aðra nemendur og foreldrahópinn. En við hvetjum foreldra til að vera í sambandi við okkur varðandi bæði hvað við erum að gera vel og hvað þarf að bæta.

Mætingartölur er líka það sem við skoðum vel og við getum notið til hliðsjónar af því hvernig gengur, þó að það sé kannski ekki alltaf besta matið á gæðastarfi þá gefur það okkur innsýn. Það getur líka hjálpað okkur við að greina það hvort að það séu ekki ákveðnir hópar að mæta eða ekki mæta. Það höfum við nýtt mikið og farið í aðgerðir til að ná betur til ákveðinna hópa.

Umbótaáætlun

Í framhaldi af foreldrakönnun fórum við í að vinna að leiðum til að nýta aðrar leiðir til að bjóða upp á fjölbreyttari leiða til að koma upplýsingum áfram. Í viðbót við tölvupósta höfum við líka sett inn helstu upplýsingar inn á heimasíðu fyrir Ekkó sem vistað er á síðu Kársnesskóla. Þetta er síðan sem birtist þegar ýtt er á hnapp með Ekkó á síðunni [Ekkó Félagsmiðstöð | Kársnesskóli \(karsnesskoli.is\)](#) og svo er þetta undirsíða sem hægt er að vinna þar með meiri upplýsingum um dagskrá [EKKÓ Félagsmiðstöð \(google.com\)](#). Þetta verkefni er í þróun þennan vetur og við eigum eftir að sjá betur hvort að þetta sé verkefni sem virkar vel.

Annað verkefni sem við höfum líka verið að rýna vel eru mætingartölurnar okkar. En þar erum við sérstaklega að rýna hvaða hópar eru ekki að mæta. Bæði á einstaka viðburði og eins almennar opnanir. Í framhaldi af því erum við bæði með að bregðast við með því að kynna starf okkar sérstaklega fyrir þessum hópum, eða í að fara bjóða upp á sérstakar opnanir sem henta þessum hópi betur. Það verkefni er alltaf í gangi. En við fórum í sérstakt átak með núverandi 10. Bekk seinni hluta árs í 9. Bekk og í upphafi skólaársins núna í 10. Bekk og hefur það skilað sér í talsvert betri mætingu þeirra í vetur en síðasta vetur.

Við erum svo alltaf í stöðugri vinnu með hópa sem sýna áhættuhegðun og alltaf að vinna leiðir til að búa til tengingar við þá hópa og eins að viðhalda þeirri tengingu sem við höfum. Það er stanslaus vinna og má aldrei gleymda.

Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst Kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október Kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Peba	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfaerakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfaerakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Fjöldatölur

Mæting Ekkó 2023 - 2024

Ágúst	350
September	1251
Október	1031
Nóvember	980
Deember	981
Janúar	1198
Febrúar	1110
Mars	1104
Apríl	1068
Maí	847
Júní	557
Júlí	123

Starfsfólk

Jóhanna Aradóttir, Forstöðumaður í 100% starfi, er á sínu þriðja starfsári

Aron Rafn Gissurarson. Aðstoðarforstöðumaður í 80% starfi, er á sínu fjórða starfsári.

Birta Birgisdóttir. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu fyrsta ári í Ekkó

Darri Gunnarsson. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu fjórða starfsári.

Elín Unnur Guðmundsdóttir. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi, er á sínu tólfta starfsári.

Rebekka Þurý Pétursdóttir. Frístundaleiðbeinandi II í 39% starfi, er á sínu sjöunda starfsári.